

Rangárþing ytra  
Suðurlandsvegur 1-3  
850 Hella

Reykjavík, 10. nóvember 2023  
UST202310-142/A.B.  
10.04.03

## **Efni: Breyting - Deiliskipulag - veiðivörn - Þjónustusvæði við Tjaldvatn - Rangárþing ytra**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi ytra er barst 12. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á deiliskipulagi þjónustusvæði við Tjaldvatn í Rangárþingi ytra.

Í greinargerð kemur fram Svæði sem merkt er A er stækkað til vesturs, þar sem heimilt að byggja allt að 80 m<sup>2</sup> hús fyrir starfsfólk. Svæði sem merkt er B er fært vestur fyrir Hestagíg, nýr aðkomuvegur er gerður að því og vegur sem var að svæðinu felldur út.

Umhverfisstofnun telur að samfara lagningu nýrra vega eigi að afmá vegi/slóðir sem eru aflagðir. Einnig ætti gera kröfur um umgengni og frágang efnistökusvæða vegna nýframkvæmda.

Að mati Umhverfisstofnunar getur frekari uppbygging haft áhrif á svæði á náttúruminjasrá, einkum vegna aukins fjölda gesta/veiðimanna og aukinnar umferðar um svæðið.

Í þessu sambandi tekur stofnunin undir stefnu deiliskipulagsins sem miðar að því að raska sem minnst svæðinu s.s. að reyna að bæta umgengni fólks um svæðið með merkingu vega og stíga, að halda vegum og slóðum við, hafa góða stjórn á bílaumferð og hvar leggja eigi bílum, að hafa ekki mannvirki á viðkvæmum svæðum á borð við votlendi, gígamyndanir og menningarminjar.

Umhverfisstofnunin telur því afar brýnt að forsvarsmenn þjónustusvæðisins taki mið af ágangspoli náttúrunnar við frekari uppbyggingu og tryggi að öll aðstaða og umgengni miði að því að aukinn straumur gesta/veiðimanna skaði ekki svæðið.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson  
**sérfræðingur**  
Björn Stefánsson  
**sérfræðingur**